

Góðan dag,

Bið að áframsenda á rétta/nn aðila.

Ólafur E. Ólafarson heiti ég, framleiðandi og framkvæmdarstjóri hjá kvikmyndaframleiðslufyrirtækinu Árheim ehf. og erum við að gera okkar fyrstu kvikmynd í fullri lengd sem heitir "Eftirleikir."

Eftirleikir er dramátískur spennutryllir sem spannar tæplega 30 ár og fjallar um ofbeldi og málagjöld innan sundurtættrar fjölskyldu og afleiðingarnar sem það hefur haft í gegn um heilar kynslóðir. Myndin varpar ljósi á þann vanþekkta en ríkjandi heim morða á Íslandi sem framin eru af venjulegu fólki, og þau langvarandi eftirköst sem fylgja.

Framleiðslan er lítil og einnig fjármagn þó myndin sé klárlega metnaðarfull og djörf bæði í uppbygginu og efnisþáttum. Hins vegar er hún hagnýt í sniðum, skrifuð og uppsett til þess að vera möguleg í framleiðslu sem fyrsta myndin okkar í fullri lengd. Hún tekur fyrir þrjú tímabil í sögu þessara einstaklinga: haustið 1992, veturinn 2008, og vorið 2018.

Tökur á "1992" kaflanum verða 8 dagar núna í lok september, og í 6 af þeim fara tökurl fram á Húsatóftum á Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ég hef því samband við ykkur nú til að biðja ykkur um að koma í samstarf með okkur sem fjárhagslegir styrktaraðilar á verkefninu. Hvernig það nákvæmlega háttar sig er undir ykkur komið, en hverskonar aðstoð yrði vel þegin.

Sjálfur er ég útskrifaður nemandi úr Kvikmyndaskólanum frá 2015 með "Bjarkann," (verðlaun fyrir þann nemandu með bestu útskriftarmyndina að mati dómnefndar sem skipuð er af fagaðilum).

www.arheim.is er vefsíðan okkar, en þar má nálgast tvær stuttmyndir eftir mig sjálfan og þar á meðal verðlaunamyndina, "Borgarljós."

Meðfylgjandi er plakat fyrir myndina, svokallað "one-sheet" sem er hugmynd myndarinnar á einni blaðsíðu, ásamt grafísku CV en þar má sjá upplýsingar um helstu verkin mín til þessa.

Ykkur er líka velkomið að senda á mig spurningar varðandi verkið, sjálfan mig eða hvað annað sem gæti vantað upplýsingar um.

Við hlökkum til að heyra frá ykkur.

Mbk,

--

Ólafur E. Ólafarson

olafur@arheim.is

www.arheim.is

(+354) 781213